Stjórnarfundur 11.05.26

Mætti eru Anna Eyjólfsdóttir, Helga Óskarsdóttir, Hlynur Helgason, Pétur Thomsen, Anna Rún Tryggvadóttir, Júlía Marínósdóttir.
Ritari Anna Rún

Vinnustofumál

Skipholt.
Ríkiseignir hafa sent okkur reikninga upp á 4.5milljónir á mánuði.
Reikningar á bið eru fjórir, samtals rúmlega 18 milljónir.
Ingibjörg er í sambandi við Pétur Bjarna.
SÍM hafði skilað teikningu sem var samþykkt af þeim. Eftir að leigjendur flytja inn eru gerðar athugasemdir, brunavarnir, veggir o.fl. Nú er Ístak er búið að gera veggina.

Allt á að vera verða komið, Ingibjörg fór fyrir nokkrum dögum og vinna var að klárast. Brunavarnaeftirlitið þarf að gera nýja úttekt, óvíst er hvenær hún verður. Ingibjörg mun halda stjórn upplýstri.

Styrkurinn hefur borist frá ráðuneytinu. Einhver leiga hefur borist frá leigjendum. En engin leiga hefur verið greidd til fjársýslunnar ennþá. SÍM neitar að greiða meðan húsnæðið er ekki í notkun.

Korpúlfsstaðir
Anna E. fór á fund vegna framkvæmda. Nákvæm úttekt hefur verið gerð, framkvæmdir stranda á því að arkitekt er að skoða gamlar teikningar, gluggar og hurðir í samræmi við kröfur en beðið eftir yfirverktaka. Hann er oft fjarverandi. Fáum nánari upplýsingar um þetta í júní.
Átti að vera meira og minna búið að þessu í janúar.
Úttekt hefur verið gerð af SIM, húsnæðið liggur undir skemmdum og margt sem þarf að gera, en Héðinn sem er yfirmaður Korpúlfsstaða hjá Borginni er í löngu leyfi og staðgengill hans hefur engin svör. Allar breytingar þurfa að fá samþykki frá Héðni eða staðgengli.

Golfararnir eru búnir að fara fram á að fá herbergi á Korpúlfsstöðum og verið er að vinna í því að þeir borga leigu.

Eiríkur Björn var búin að koma því að það ætti skipta herberginu á milli, svo hætti hann og þá kom frá Reykjavíkurborg að það kæmi ekki til greina að golfarnir fari.

[Trúnaðarmál rædd]

Á síðasta ári voru fulltrúar Myndlistarmiðstöðvar þau Anna Eyjólfs, Anna Rún, Páll Haukur, Þóra Karlsdóttir og Soffía Sæmundsdóttir. Finnum annan fyrir Önnu Rún. Framkvæmdastjóri tekur stöðuna á hinum fulltrúunum.

Kosningar aðalfundar 2026

Kosningakerfi verður frá Maskínu.
Kosningu lýkur klukkan 13:30 laugardaginn 30.05.26
Fundarstjóraefni: Vera, til vara,Jón Proppe

Starfslaun

Vantar fleiri nöfn Brynhildur Þorgeirsdóttir, Þóra Sigurðardóttir, Sigurður Árni, Sara Björnsdóttir, Hlynur Hallsson.

Steinunn Marta Önnudóttir mætti til Stjórnar með úttekt um listamannalaun
Sjá viðhengi sem hún sendi með en er trúnaðarskjal.

Upplýsingar fyrir SÍM:
-Upplýsingar um úthlutunarreglur og mat/ Matsatriði úthlutunar þarf að vera til staðar hjá SIM á heimasíðu.
-Á tímabili var áhersla á úthlutun til sýninga, stjórn listamannalauna hefur dregið úr þeirri áherslu, en það hefur hvergi komið fram, og hefur áhrif á áherslur umsækjenda sem eru oft að fabúlera upp sýningar og verkefni. Þarf að skilgreina og skila til umsækjenda
-Það er óskýrt hver áhersla nefndarinnar er og hvernig er skipað í nefnd.
- Steinunn Leggur til að fjalla betur um listamannalaun á heimasíðu SIM.
-Uppstillingarnefnd, væri mjög áhugavert fyrirkomulag.

Búa til handbók- ferli og lýsingu fyrir uppstillingarnefnd.
Mikilvægt að það sé breydd í aldri, kyni, starfsaldri og starfsreynslu úthlutunarnefndar.

Skv Steinunni endurspegluðu úthlutanir umsóknar kríteríur, fjöldi ungra umsækjenda endurspeglaðist í úthlutunar hlutfalli til ungra umsækjenda etc.…

Stjórn bókar að ræða uppstillingarnefnd á Aðalfundi 30.05.26

SÍM Sendir út kall á sína félagsmenn.

Samband Íslenskra Myndlistarmanna óskar eftir framboðum í úthlutunarnefnd starfslauna 2026. Nefndarmenn fá greitt fyrir vinnuna, þar sem greitt er fyrir hverja umsókn sem farið er yfir.

Umsækjendur mega ekki sjálfir sækja um listamannalaun meðan þeir eru í nefndinni og almennar reglur um vanhæfi gilda.
Tímabil vinnunnar er október-nóvember 2026.

Umsóknarfrestur er til 30.05.26

Stjórn Bókar að Júlía fái fund hjá Óskari hjá Rannís. Steinunn og Hlynur og möuglega Helga mæta á þann fund.

RANNÍS:
-Setja inn leiðbeiningar fyrir umsækjendur um hvernig ferilskrá er æskileg
-Lagt er til að auk staðlaðs textaskjals í RANNÍS forminu sé staðlað að senda lágmark 10 fælum hámark 20 fæla.

> Rannís þarf að þróa þetta með okkur, villumelding send út þegar skjöl eru send sem kerfið getur ekki þjónustað.
> Fyrirkomulag gæti t.d. Falið í sér að senda inn Myndir að hámarki x , Vídjó að hámarki x, hljófæl að hámarki x.
> Eða benda umsækjendum um að setja vídjó á Vimeo og Youtube.
> Helga Óskarsdóttir getur komið að þessari þróun.

-Tímaáætlun, þarf að gera það mögulegt að umsækjendur geti sett inn tvö verkefni samtímis án þess að það breyti mánaðarfjölda umsóknar.

-Hvenær er umsókn ógild.
Ekki er hægt að senda umsókn inn ef það vantar: 10 myndir, ferilskrá etc…

-Vantar D.flokk fyrir umsóknir sem eru ógildar, til að þær hafi ekki áhrif á hlutföllin.

-Vantar skilgreiningu á listrænt gildi:
Listrænt gildi felur til dæmis í sér vægi sýningarstaðar, sannfærandi umsókn, mikilvægt skref fyrir höfundarverk listamanns, samfélagslega mikilvægt.

Umsóknir þurfa að byggja á : Þróun Framkvæmd Miðlun Úrvinnsla

Vinnuskjöl , prófað að gera vinnuskjal með yfirlit yfir sýningarstaði. Samræmi í úthlutunum milli þeirra sem eru að sýna á ákveðnum stöðum.
-Umsækjendur þurfa að Skila inn upplýsingum um það hvernig verkum er miðlað, mælt er með að myndefni sýni verkin í rými og verkin sjálf., ekki einungis nærmyndir til að mynda.

FYRIR FÉLAGSMENN
Samfella eða fjölbreytni -samtal meðal félagsmanna.
Hvað vilja okkar félagsmenn?

Önnur mál
BÍL hafði samband við formann SÍM um að senda inn spurningar fyrir fund með öllum frambjóðendum flokka sem haldinn var í maí, Formaður sendi Loga í þetta mál. En hann bar ekki upp spurningar á fundinum.

Stjórn samþykkir að nýta fjármagn af ARTOTEK reikningnum til að greiða útistandandi kröfu lögfræðings vegna Orkureitsmálsins upp á rúmar 850.000kr reikningur greiðist 15.05.26

Ársreikningur er í yfirlestri. Verður að berast fyrir lok þessarar viku.

Stjórn fundar um ársreikning þriðjudaginn 19.maí 2026